

## **Aðdragandinn að ályktun Alþingis um að höfða bæri mál á hendur fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, og útgáfu ákæru saksóknara Alþingis á hendur honum**

Með breytingu á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, sbr. lög nr. 146/2009, var sett á stofn sérstök þingmannanefnd. Um hana er fjallað í 2. mgr. 15. gr. laganna. Þar segir að Alþingi skuli kjósa níu þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 146/2009, segir m.a. í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

*„Viðfangsefni þingmannanefndarinnar og þingsins í heild munu ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Sú umfjöllun markast af verkefnum rannsóknarnefndarinnar eins og þau voru skilgreind í 1. gr. laganna. Meðal þeirra sjónarmiða sem lágu til grundvallar skipun nefndarinnar var að fagleg greining á ástæðum bankahrunsins þyrfti að liggja til grundvallar almennu pólitísku uppgjöri málsins. Væntingar standa til þess að á grunni skýrslunnar verði unnt að draga almenna lærdóma af efnahagsáfallunum. Þingmannanefndin mun að líkindum fjalla um það atriði. Eftir atvikum kemur það enn fremur í hlut hennar að móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það er hlutverk þingsins. ... Eftir ítarlega og umfangsmikla gagnasöfnun rannsóknarnefndarinnar ætti ekki að vera þörf fyrir sjálfstæða upplýsingaöflun þingmannanefndarinnar enda er henni fyrst og fremst ætlað að leggja skýrslu rannsóknarnefndarinnar til grundvallar störfum sínum.,,*

Í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir á bls. 2 um verkefni nefndarinnar:

*„Í nefndarálitum allsherjarnefndar um frumvarp til breytinga á lögum um rannsóknarnefndina<sup>1</sup> kemur fram að viðfangsefni þingmannanefndarinnar muni ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Þingmannanefndin muni fylgja eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar varðandi breytingar á lögum og reglum. Auk þess muni hún væntanlega fjalla um hvaða lærdóma er hægt að draga af efnahagsáfallunum og eftir atvikum móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það fellur undir hlutverk þingsins. Kemur þar ábyrgð ráðherra til skoðunar en Alþingi er handhafi ákærvalds gagnvart ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar, lögum um ráðherraábyrgð og lögum um landsdóm.“*

Meiri hluti þingmannanefndarinnar lagði fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi 28. september 2010 um málshöfðun gegn fjórum fyrrverandi ráðherrum. Við atkvæðagreiðslu á Alþingi þann dag ákvað Alþingi með þingsályktun að höfða bæri sakamál á hendur fyrrverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde vegna refsiverðar háttsemi hans í embættisfærslu sinni á árinu 2008. Ekki var ályktað um málshöfðun á hendur öðrum ráðherrum.

Sú ákvörðun Alþingis að höfða mál á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð nr. 4/1963, er byggð á skýrslu rannsóknarnefndar

Alþingis. Saksóknara Alþingis bar því við rannsókn sína að afla fyrst og fremst þeirra gagna sem lágu að baki skýrslu rannsóknarnefndarinnar og varðað gátu þær sakir sem ákærði er borinn með nefndri þingsályktun.

Eftir að hafa farið yfir og metið sönnunargildi þeirra gagna sem saksóknari Alþingis aflaði, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, gaf hann út ákæru á hendur Geir H. Haarde sem dagsett er 10 maí s.l. Ákæran hefur að geyma sömu sakaratriði og ályktun Alþingis frá 28. september 2008 um málshöfðun á hendur fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sbr. 13. og 40. gr. laga um landsdóm nr. 3/1963, en í ákvæðunum segir:

*13. gr. Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.*

*40. gr. Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar eru í ályktun Alþingis. Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.*

Rannsóknargögn þau er saksóknara Alþingis aflaði voru lögð fram í Landsdómi við þingfestingu máls Alþingis á hendur ákærða 7. júní s.l.

Yfirlit yfir gagnöflun saksóknar Alþingis er að finna á netsíðunni undir liðnum „Málið“